



Ritstjórn Læknablaðsins ásamt starfsmönnum.

Aftari röð f.v. Hávar Sigurjónsson blaðamaður, Brynja Bjarkadóttir auglýsingastjóri, Védís Skarphéðinsdóttir ritstjórnarfulltrúi, Engilbert Sigurðsson, Jóhannes Björnsson, Karl Andersen, Tómas Guðbjartsson.

Sitjandi eru Þóra Steingrímisdóttir og Bryndís Benediktsdóttir. Á myndina vantar Sævar Guðbjörnsson sem brýtur blaðið um.

## Farið yfir vinnureglur

RITSTJÓRN LÆKNABLAÐSINS hélt árlegan vinnufund sinn föstudaginn 12. maí að Hótel Glym í Hvalfirði. Á fundinum var farið yfir og gengið frá vinnureglum ritstjórnar varðandi móttöku og meðferð fræðigreina og annars efnis í blaðinu en miklu skiptir að rétt sé að slíku staðið og gagnsæri ríki í öllum vinnubrögðum. Er í ferlinu stuðst við leiðbeiningar Vancouverhópsins svokallaða og einnig við ítarlegar reglur danska læknafélagsins.

Á fundinum var Tómas Guðbjartsson hjarta- og æðaskurðlæknir boðinn velkominn í hópinn, en hann tók sæti í ritstjórninni í byrjun maí. Ritstjórnina skipa núna auk Tómasar, Jóhannes Björnsson yfirlæknir, ritstjóri og ábyrgðarmaður, Karl Andersen hjartalæknir, Bryndís Benediktsdóttir heimilislæknir, Engilbert Sigurðsson geðlæknir og Þóra Steingrímisdóttir kvensjúkdómalæknir.

## Tilkynning frá lyfjagreiðslunefnd og landlækni

Á 50. fundi Lyfjagreiðslunefndar var ákveðið að setja Lamictal og Lamotrín á viðmiðunarverðskrá. Vakin er athygli lækna á því að R merkja lyfseðla telji þeir varasamt að skipta um lyf.